

Hluthafafundur Solid Clouds hf 30. maí 2025

Stjórn Solid Clouds hf. boðar til hluthafafundar föstudaginn 30. maí 2025, kl. 14:00

Dagskrá fundarins:

1. Breyting á heimild til handa stjórn til að hækka hlutafé um allt að 300.000.000 hluti að nafnverði með útgáfu nýrra hluta.

2. Önnur mál

Dagskrá fundarins og fundargögn, þ.á m. tillaga stjórnar, verður aðgengileg á vefsetri félagsins, <https://www.solidclouds.com/investors/egmmay2025>.

Ekki verður boðið upp á rafræna þátttöku á fundinum en hluthöfum gefst kostur á að láta umboðsmann sækja hluthafafundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður verður þó að framvísa umboði í samræmi við 2. mgr. 81. gr. laga um nr. 2/1995, um hlutafélög.

Hluthafar og umboðsmenn þeirra geta skráð sig á hluthafafundinn á fundarstað frá kl. 13:30 á fundardegi. Einnig er unnt að forskrá sig til kl. 11:00 á fundardegi með því að senda tölvupóst með nafni og kennitölu á netfangið investors@solidclouds.com. Umboðsmenn sem hyggjast skrá sig með tölvupósti þurfa að útfylla umboðseyðublað og senda á sama netfang.

Til þess að tillaga frá hluthafa, sem leggja á fyrir á fundinum, verði tekin þar til umræðu verður að skila tillögunni til stjórnar félagsins á netfangið investors@solidclouds.com í síðasta lagi fimm dögum fyrir fundinn.

Fyrir frekari upplýsingar hafið samband við

Fjárfestatengsl:

Stefán Þór Björnsson
stefanbjo@solidclouds.com

Viðhengi

[Hluthafafundur Solid Clouds hf 30. maí 2025](#)
[SOLID CLOUDS Fundarboð Dagskrá Og Tillögur Hluthafafundur 30 05 2025](#)